

Svar

utanríkisráðherra við fyrirspurn frá Ingu Sæland um sendiráð og ræðismenn Íslands.

1. *Í hvaða erlendu ríkjum og ríkjasamböndum er Ísland með sendiráð og hvenær voru þau stofnuð?*

Ísland er með sendiráð á eftirtöldum stöðum, sem sum gegna einnig hlutverki fastanefndar:

- Sendiráð Íslands í Berlín, stofnað 1952.
- Sendiráð Íslands í Brussel, stofnað 1967.
- Sendiráð Íslands í Genf, stofnað 1970.
- Sendiráð Íslands í Helsinki, stofnað 1997.
- Sendiráð Íslands í Kampala, stofnað 2004.
- Sendiráð Íslands í Kaupmannahöfn, stofnað 1920.
- Sendiráð Íslands í Lilongwe, stofnað 1989.
- Sendiráð Íslands í London, stofnað 1940.
- Sendiráð Íslands í Moskvu, stofnað 1944.
- Sendiráð Íslands í Nýju-Delí, stofnað 2006.
- Sendiráð Íslands í Ottawa, stofnað 2001.
- Sendiráð Íslands í Ósló, stofnað 1947.
- Sendiráð Íslands í París, stofnað 1946.
- Sendiráð Íslands í Peking, stofnað 1995.
- Sendiráð Íslands í Stokkhólmi, stofnað 1940.
- Sendiráð Íslands í Tókýó, stofnað 2001.
- Sendiráð Íslands í Varsjá, stofnað 2022.
- Sendiráð Íslands í Vín, stofnað 1999.
- Sendiráð Íslands í Washington, stofnað 1941.

Að auki er Ísland með fastanefndir og aðalræðisskrifstofur á eftirtöldum stöðum:

- Fastanefnd Íslands hjá Atlantshafsbandalaginu, stofnuð 1952.
- Fastanefnd Íslands hjá Evrópuráðinu í Strassborg, stofnuð 2020.
- Fastanefnd Íslands hjá alþjóðastofnunum í Róm, stofnuð 2010.
- Fastanefnd Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum í New York, stofnuð 1965.
- Aðalræðisskrifstofa Íslands í New York, stofnuð 1940.
- Aðalræðisskrifstofa Íslands í Nuuk, stofnuð 2013.
- Aðalræðisskrifstofa Íslands í Winnipeg, stofnuð 1999.
- Aðalræðisskrifstofa Íslands í Þórshöfn, stofnuð 2007.

2. *Hverjir eru sendiherrar Íslands í sendiráðum í einstökum ríkjum og ríkjasamböndum og hvenær hófu þeir störf í viðkomandi sendiráðum?*

- María Erla Marelsdóttir, sendiherra Íslands í Berlín, hóf störf þar árið 2019.
- Kristján Andri Stefánsson, sendiherra Íslands í Brussel, hóf störf þar árið 2020.
- Einar Gunnarsson, sendiherra Íslands í Genf og fastafulltrúi hjá alþjóðastofnunum í Genf, hóf störf þar árið 2022.
- Harald Aspelund, sendiherra Íslands í Helsinki, hóf störf þar árið 2022.
- Þórdís Sigurðardóttir, forstöðumaður sendiráðsins í Kampala, hóf störf þar árið 2020.
- Helga Hauksdóttir, sendiherra Íslands í Kaupmannahöfn, hóf störf þar árið 2019.
- Inga Dóra Pétursdóttir, forstöðumaður sendiráðsins í Lilongwe, hóf störf þar árið 2020.
- Sturla Sigurjónsson, sendiherra Íslands í London, hóf störf þar árið 2020.
- Árni Þór Sigurðsson, sendiherra Íslands í Moskvu, hóf störf þar árið 2020.
- Guðni Bragason, sendiherra Íslands í Nýju-Delí, hóf störf þar árið 2021.
- Hlynur Guðjónsson, sendiherra Íslands í Ottawa, hóf störf þar árið 2021.
- Högni S. Kristjánsson, sendiherra Íslands í Ósló, hóf störf þar árið 2022.
- Unnur Orradóttir Ramette, sendiherra Íslands í París, hóf störf þar árið 2020.
- Þórir Ibsen, sendiherra Íslands í Peking, hóf störf þar árið 2021.
- Bryndís Kjartansdóttir, sendiherra Íslands í Stokkhólmi, hóf störf þar árið 2022.
- Stefán Haukur Jóhannesson, sendiherra Íslands í Tókýó, hóf störf þar árið 2020.
- Hannes Heimisson, sendiherra Íslands í Varsjá, hóf störf þar árið 2022.
- Bergdís Ellertsdóttir, sendiherra Íslands í Washington, hóf störf þar árið 2019.
- Hermann Örn Ingólfsson, fastafulltrúi Íslands gagnvart Atlantshafsbandalaginu í Brussel, hóf störf þar árið 2019.
- Ragnhildur Arnljótsdóttir, fastafulltrúi Íslands gagnvart Evrópuráðinu í Strassborg, hóf störf þar árið 2020.
- Matthías G. Pálsson, fastafulltrúi Íslands gagnvart alþjóðastofnunum í Róm, hóf störf þar árið 2021.
- Jörundur Valtýsson, fastafulltrúi Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum í New York, hóf störf þar árið 2019.
- Kristín A. Árnadóttir, sendiherra Íslands í Vín og fastafulltrúi gagnvart alþjóðastofnunum í Vín, hóf störf þar árið 2021.
- Nikulás Hannigan, aðalræðismaður Íslands í New York, hóf störf þar árið 2021.
- Geir Oddsson, aðalræðismaður Íslands í Nuuk, hóf störf þar árið 2022.
- Vilhjálmur Wíium, aðalræðismaður í Winnipeg, hóf störf þar árið 2022.
- Ágústa Gísladóttir, aðalræðismaður í Þórshöfn, hóf störf þar árið 2022.

3. *Hver er starfsmanna fjöldi hvers sendiráðs Íslands?*

Ísland er með 27 sendiskrifstofur í 22 ríkjum. Stöðugildi á sendiskrifstofum erlendis eru 170, þar af eru 68 útsendir diplómatar og 10 sérfræðingar frá öðrum ráðuneytum. Nánari upplýsingar er að finna í fylgiskjali 1.

4. *Hvernig hefur starfsmanna fjöldi hvers sendiráðs Íslands í ríki eða ríkjasambandi þróast á síðustu fjórum árum?*

Þróun starfsmanna fjölda á sendiskrifstofum Íslands tekur mið af stefnu ríkisstjórnar í utanríkismálum og þeim málum sem eru í brennidepli á hverjum tíma. Fjöldi útsendra starfsmanna á sendiskrifstofu er mjög breytilegur eftir umfangi málefna og að teknu tilliti til starfs alþjóðastofnana þar sem um slíkt ræðir. Á minnstu sendiskrifstofum er einn útsendur starfs-

maður en á þeim stærstu um sex til sjö. Því til viðbótar starfa staðarráðnir starfsmenn á hverjum stað, m.a. að stoðþjónustuverkefnum, borgarþjónustu, sem viðskiptafulltrúar og almennir starfsmenn.

5. *Í hvaða ríkjum og ríkjasamböndum er Ísland með ræðismenn?*

Ísland er með 208 ólaunaða kjörræðismenn í 98 ríkjum. Nánari upplýsingar má finna í fylgiskjali 2. Ísland er jafnframt með fjóra útsenda aðalræðismenn sem starfa á aðalræðis- skrifstofum Íslands í New York, Nuuk, Winnipeg og Þórshöfn.

6. *Hverjir eru ræðismenn Íslands og hvenær hófu þeir störf?*

Ísland er með fjóra útsenda aðalræðismenn sem starfa á aðalræðisskrifstofum Íslands:

- Nikulás Hannigan, aðalræðismaður Íslands í New York, hóf störf þar árið 2021.
- Geir Oddsson, aðalræðismaður Íslands í Nuuk, hóf störf þar árið 2022.
- Vilhjálmur Wiium, aðalræðismaður í Winnipeg, hóf störf þar árið 2022.
- Ágústa Gísladóttir, aðalræðismaður í Þórshöfn, hóf störf þar árið 2022.

Ísland er jafnframt með 208 ólaunaða kjörræðismenn á sínum vegum, sjá fylgiskjal 2.

7. *Hver er árlegur kostnaður við rekstur sendiráða Íslands og fastanefnda?*

Þess má geta að rekstrarupplýsingar sendiskrifstofa eru birtar ár hvert í skýrslu utanríkisráðherra til Alþingis. Efundanskildar eru sendiskrifstofurnar fjórar úr svari við 6. tölul. fyrirspurnarinnar sýnir tafla 1 hvernig rekstrarkostnaður síðustu fjögurra ára skiptist:

Tafla 1.

2019	2020	2021	2022
3.635.040.289	3.3733.508.064	3.839.373.409	4.224.384.664

Þess er vert að geta að sameiginlegur útgjaldaliður allra sendiskrifstofanna, einnig aðalræðisskrifstofa, er hluti af tölunum í töflu 1. Tafla 2 sýnir kostnaðinn þegar sá útgjaldaliður er dreginn frá:

Tafla 2.

2019	2020	2021	2022
2.889.228.162	3.004.098.681	3.103.801.337	3.486.995.834

8. *Hver er árlegur kostnaður við rekstur ræðisskrifstofa og þjónustu ræðismanna Íslands?*

Tafla 3 sýnir hvernig kostnaður aðalræðisskrifstofanna fjögurra skiptist á síðustu fjórum árum:

Tafla 3.

2019	2020	2021	2022
212.250.201	211.349.749	237.360.151	251.657.799

Kostnaður við þjónustu kjörræðismanna Íslands á tímabilinu 2019–2022 var 1.696.149 kr. 65% af þeirri upphæð var greidd af aðalskrifstofu utanríkisráðuneytisins og 35% af sendi-

skrifstofum þess, sem þýðir að sú upphæð er hluti af samanlögðum rekstrarkostnaði sendi-
skrifstofanna sem vísað er í í töflum 1–3. Kjöræðismenn Íslands eru ólaunaðir og er þessi
upphæð að stærstum hluta endurgreiðsla á útlögðum kostnaði af kjöræðisstörfum þeirra.

Alls fóru átta vinnustundir í að taka svarið saman.

Fylgiskjal I.

www.althingi.is/altext/pdf/153/fylgiskjol/s1186-f_I.pdf

Fylgiskjal II.

www.althingi.is/altext/pdf/153/fylgiskjol/s1186-f_II.pdf